

# **Framkvæmdaráð Byggðasamlags Snæfellsness**

## **Fundargerð**

Fundur framkvæmdaráðs Byggðasamlags Snæfellsness haldinn föstudaginn 5 október 2018 á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar kl: 9:15

Mætt: Björg Ágústdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson, Kristinn Jónasson, Eggert Kjartansson, Guðrún Reynisdóttir og Þór Örn Jónsson fundarritari. Gestur var Guðrún Magnea Magnúsdóttir.

### **1. Þór fór yfir samþykktir byggðasamlagsins og reikninga**

Bsml. fer með yfirstjórn verkefna sem kunna að verða falin bsml. síðar, s.s. brunavarnir, sjúkraflutningar, bygginga- og skipulagsmál - og annað sem verða má félaginu til gagns (**sjá nánar í meðfylgjandi fylgisköllum**).

Bsml. var stofnað um áramót 2016-2017, samþykktir 17. maí 2017 birt í B-deild.

Allir kjörnir fulltrúar eru í fulltrúaráði. Fundar 2var á ári 22. nóvember - var síðasti aðalfundur. Fulltrúaráðsfundur fyrir 30. júlí - ekki búið á þessu ári.

Framkvæmdastjórn, skipuð framkvæmdastjórum og/eða oddvitum -

Samningur var gerður milli bsml og Stykkishólmsbæjar um að taka að sér umsjón með Earth Check og Norska húsinu.

Þór lagði fram og fór yfir reikninga fyrir Earth Check verkefni og Norska húsið. Afgangur er af báðum verkefnum árið 2017.

### **2. Guðrún Magnea fór yfir starf Earth Check.**

Hún fjallaði um: Hvað er Earth Check. Vottun, stimpill ...

# **Framkvæmdaráð Byggðasamlags Snæfellsness**

Hún sér um árleg verkefni; upplýsingasöfnun um auðlindasöfnun, undirbúningur fyrir úttekt og ársskýrsla. Smærri verkefni sem vekja athygli á starfinu; samstarf við skóla, strandhreinsun.

Framkvæmdaáætlun - Guðrún hefur sett niður áætlun um verkefni ársins, en óskar eftir tillögum sveitarfélaganna um áherslur og verkefni. Helstu verkefni eru:

- Að uppfæra flokkunarhandbækur sveitarfélaganna, eru orðnar úreltar. Mætti gefa betri upplýsingar til íbúa.
- Jarðarstund; Earth hour - 3ji laugardagur í mars
- Kynning/fræðsla um orkusparnað - eða flokkun
- Upplýsingasöfnun um auðlindanotkun og frammistöðu
- Ragnhildur, - strandhreinsunardagur/verkefni á næsta ári, nokkrir tugir tonna hreinsuð upp við stendur landsins, Landvernd-Norðurlandaverkefni.
- Vorverkefni með skólunum; allir skólarnir myndu fara í hreinsunarverkefni á sama tíma. Umhverfisvika.
- Róbert & Menja; úttekt á útbreiðslu tegunda lífvera sem opinberlega eru skilgreindar sem ágengar. (Ágengar lífverur). Að skrá umfang ágengra tegunda á Snæfellsnesi. Sérfræðingur fenginn til að gera úttekt.
- Fræðsla um náttúru Snæfellsness.

Athugasemdir við úttekt:

- Í viðbragðsáætlunum, áhættumati og framkvæmdaáætlun - loftslagstenging endurspeglast ekki í þessu. Skriðuföllin í Hítardal, Snæfellsjökull - ... dæmi.
- Skilgreina stjórnun efnahagslega, framlag svf. til ferðaþjónustunnar. Sýna Hauki þetta. Hvort við séum að skoða framlag ferðaþjónustunnar til þessa.
- Aðalatriðið: Skráning yfir hættuleg efni hjá stofnunum.
- Teymi starfi með verkefnisstjóra: óformlegt, ekki nýráðnir starfsmenn. Markaðs- og menningarfulltrúar sveitarfélaganna og Ragnhildur.
- Námskeið í Hollandi; Earth Check training.
- Möguleikar á styrkjum: Tilheyrir 5 sveitarfélögum.

Guðrún Magnea sýndi handbók og skilgreiningu á teymi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 12:10

Þór Örn Jónsson fundarritari